

Fundargerð 499

Priðjudaginn 15. júní 2021 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Fundað var með fjarfundarbúnaði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Karl Björnsson (KB) Kári Gautason (KG) og María Hjálmarsdóttir (MaH). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 10), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs, Þorkell Stefánsson (PS) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 11) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 11:00 og leggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Fundaáætlun stjórnar til næsta ársfundar - til afgreiðslu
3. Breyting á reglum um störf stjórnar (fjarfundir) - til afgreiðslu
4. Stjórnarháttayfirlýsing - til afgreiðslu
5. Val endurskoðunarnefndar til næstu 12 mánaða - til afgreiðslu
6. Öryggisstefnur upplýsingatæknikerfa staðfestar - til afgreiðslu
7. ...
8. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
9. Flutningur stjórnsýslu póstmála til Byggðastofnunar - til kynningar
10. Stefnumótandi byggðaáætlun og aðgerðaáætlun - til kynningar
11. Gruflað í gjaldskrá, samanburður á fasteignagjöldum á 96 svæðum á Íslandi - til kynningar
12. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til umræðu
13. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
14. Önnur mál
15. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 498. Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

2. Fundaáætlun stjórnar til næsta ársfundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur tillaga að starfsáætlun stjórnar 2021-2022 sem AP kynnti þar sem fram koma áætlaðir fundardagar og dagskrá stjórnarfundar.

Fram kom hjá mörgum stjórnarmönnum að tillaga að fundardegi í ágúst gengi ekki og var óskað eftir að annar dagur yrði fyrir valinu. Þar sem samþykkja þarf 6 mánaða uppgjör á fundinum þarf að skoða hvaða dagar aðrir henta. Var formanni og forstjóra falið að finna nýja dagsetningu í ágúst.

Til máls tóku allir stjórnarmenn og MH

Starfsáætluninni var vísað áfram til frekari umræðu.

3. Breyting á reglum um störf stjórnar (fjarfundir) - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra til stjórnar þar sem lögð er til breyting á reglum um störf stjórnar. Er lagt til að gerð verði breyting á 3. mgr. 1. gr. reglnanna á þann veg að ekki þurfi lengur að vera uppi aðstæður sem koma í veg fyrir hefðbundinn fund til þess að stjórn ákveði að funda með fjarfundarbúnaði heldur sé það ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Er lagt til að 3. mgr. 1. gr. verði svohljóðandi: „Stjórn Byggðastofnunar er heimilt að funda með fjarfundabúnaði eða sambærilegri tækni.“

Til máls tóku MBJ, MaH, KB og GP.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

4. Stjórnarháttaryfirlýsing - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur uppfærð stjórnarháttaryfirlýsing sem AP kynnti. Helstu breytingar á yfirlýsingunni eru breytingar á skipan stjórnar og á skipuriti.

Voru settar fram ábendingar um röðun á varamönnum í stjórn

Formaður bar upp stjórnarháttaryfirlýsingu Byggðastofnunar og var hún samþykkt samhljóða.

5. Val endurskoðunarnefndar til næstu 12 mánaða - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra sem hann kynnti um tillögu að skipan endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar starfsárið 2021-2022. Lagt er til að gerð verði sú breyting á skipan endurskoðunarnefndar að Halldóra Kristín Hauksdóttir komi í stað Sigríðar Jóhannesdóttur. Nefndin verði auk Halldóru að öðru leyti skipuð sömu fulltrúum starfsárið 2021-2022, þ.e. Ragna Hjartardóttir löggiltur endurskoðandi formaður, Kristbjörg Kristbergsdóttir löggiltur endurskoðandi og María Hjálmarsdóttir til vara.

Enginn tók til máls undir þessum dagskrárlíð.

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

6. Öryggisstefnur upplýsingatæknikerfa staðfestar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs auk aðgangs,- fjarvinnu,- útvistunar,- öryggisafritunar- og öryggisstefnu. Einnig liggur fyrir fundinum skýrsla KPMG um fylgni Byggðastofnunar við leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2019 og kynning frá Seðlabanka Íslands á viðmiðunarreglum EBA um áhættustýringu í upplýsingatækni.

MH kynnti minnisblaðið þar sem komu fram tillögur að viðbrögðum við ábendingum KPMG. Lagt er til að í Öryggisstefnu Byggðastofnunar verði bætt við setningu um ábyrgð stjórnar Byggðastofnunar á að rekstur upplýsingakerfa Byggðastofnunar uppfylli þau viðmið sem koma fram í ofangreindum tilmælum FME. Þá er lagt til að sett verði Útvistunarstefna þar sem fram komi þær kröfur sem Byggðastofnun geri til útvistunaraðila.

Til máls tóku AP, MBJ og KG

Formaður bar upp þær tillögur sem fram komu í minnisblaðinu og voru þær samþykktar samhljóða.

7. ...

...

8. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 18/21-22/21 og kort sem sýnir afgreiðslur lánanefndar á lánsúmsóknum sem AME kynnti.

Til máls tók GÞ

9. Flutningur stjórnarsýslu póstmála til Byggðastofnunar - til kynningar

AÞ og HÁ kynntu fyrirhugaðan flutning stjórnarsýslu póstmála til Byggðastofnunar en skv. lögum sem samþykkt voru á Alþingi 13. júní sl. mun hún flytjast til stofnunarinnar 1. júlí nk. Verður fljótlega auglýst eftir tveimur starfsmönnum til að sinna störfum tengdu þessu málefni.

Til máls tóku GÞ, KG og MBJ.

Formaður gerði fundarhlé kl. 12:08 og hófst fundur aftur kl. 12:31

10. Stefnunótandi byggðaáætlun og aðgerðaráætlun - til kynningar

RR kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti vinnu við endurskoðun byggðaáætlunar.

Til máls tóku KB, GÞ og MBJ.

RR vék af fundi.

11. Gruflað í gjaldskrá, samanburður á fasteignagjöldum á 96 svæðum á Íslandi - til kynningar

ÞS kom á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti fyrirhugaða skýrslu um samanburð á fasteignagjöldum og fasteignamati og nýju mælaborði sem stofnunin hefur sett upp.

Til máls tóku MBJ, KB og GÞ.

ÞS vék af fundi.

12. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til umræðu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumans fyrirtækjasviðs um vaxtakjör Byggðastofnunar sem AME kynnti. Er það mat hans að vaxtakjör Byggðastofnunar séu samkeppnishæf við aðrar fjármálastofnanir og er því ekki lagðar til breytingar á þeim á þessum tímapunkti.

Til máls tóku MBJ, KG og GÞ.

13. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna á starfsáætlun og staða rekstrar 30. apríl sl. sem AÞ fór yfir.

14. Önnur mál

Rafrænar undirritanir fundargerða

MH lagði til að fundargerðir stjórnar sem eftir er að undirrita verði undirritaðar rafrænt og upplýsti að hann myndi þá senda þær fljótlega til rafrænnar undirritunar.

Formaður kallaði eftir því hvort fólk hefði athugasemdir við það og komu engar athugasemdir fram.

15. Næsti fundur

Dagsetning næsta fundar verður ákveðin af forstjóra og formanni stjórnar og tekið tillit til ábendingar sem komu fram fyrir á fundinum.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 13:44.

Magnús Helgason fundarritari.

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Karl Björnsson

Kári Gautason

María Hjálmarsdóttir